

Umsögn

Viðtakandi: Borgarráð, Ráðhúsi Reykjavíkur

Sendandi: Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um hagsmunaskráningu embættismanna hjá Reykjavíkurborg

Á fundi borgarráðs þann 23. ágúst 2018 var svohljóðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sbr. 63. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. ágúst 2018, vísað til umsagnar Innri endurskoðunar:

Lagt er til að æðstu embættismenn Reykjavíkurborgar birti hagsmunaskráningu sína á vef Reykjavíkurborgar, rétt eins og kjörnir fulltrúar, enda er það í anda gagnsæis og vandaðrar stjórnslu.

Markmið og tilgangur með hagsmunaskráningu æðstu ráðamanna, kjörinna fulltrúa, dómara og embættismanna er að auka gagnsæi með allri stjórnslu þannig að almennir borgarar og fjölmiðlar geti fylgst með og tryggt að farið sé að lögum og reglum og ekki síst að efla traust á æðstu valdastofnunum þjóðfélagsins og stjórnslu. Kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn þurfa að taka ákvarðanir er varða allan almenning, útdeila takmörkuðum gæðum og sýsla með opinbera fjármuni. Í stjórnslulögum og siðareglum sem þessir aðilar hafa sett sér er alls staðar að finna ákvæði um hagsmunaárekstra og mat á hæfi við ákvarðanir einstakra mála til að sporna gegn misnotkun á stöðu í þágu einkahagsmuna og draga úr spillingarhættu.

Forsaga Frá 2009 hafa reglur um hagsmunaskráningu alþingismanna og borgarfulltrúa verið í gildi, með breytingum. GRECO¹ sem Ísland er aðili að, hefur ítrekað sett fram ábendingar til íslenskra stjórnvalda um að reglur um hagsmunaskráningu séu útvíkkaðar og að þær nái yfir æðstu embættismenn og til nánustu fjölskyldumeðlima einnig. Í upphafi árs 2017 var hagsmunaskráning dómara við Hæstarétt gerð opinber á heimasíðu réttarins. Þá var ráðuneytisstjórum boðið að birta upplýsingar um hagsmunaskráningu og tekin var upp hagsmunaskráning aðstoðarmanna ráðherra á vordögum 2018.

Opinberir embættismenn og kjörnir fulltrúar þera almennt sjálfir ábyrgð á því að meta hvort hagsmunatengsl séu fyrir hendi og hvort nauðsynlegt sé að segja sig frá meðferð mála. Það er algengt að fólk geri lítið úr eigin tengslum og treystir sér til að taka ákvarðanir og vinna mál með hlutlægum hætti. Mikilvægt er að átta sig á að ásýnd skiptir miklu máli þegar um mat á mögulegum

¹ Group of States against Corruption, Council of Europe



hagsmunaárekstrum er að ræða. Því er spurningin ekki hversu vel einstaklingur treystir sjálfum sér, heldur hvernig tengsl blasa við öðrum.²

„Grundvöllur mats á og eftirlits með hagsmunaárekstrum er gagnsæi sem best er tryggt með því að efnahagsleg staða kjörinna fulltrúa, ráðherra og embættismanna sé ljós og sömuleiðis þau tengsl þeirra sem máli skipta við einstök fyrirtæki og stofnanir. Vandamál koma iðulega upp þegar slíkum tengslum er haldið leyndum – eða látið ógert að skýra frá þeim.“³

Innri endurskoðun tekur undir öll megingjónarmið um mikilvægi upplýsingagjafar opinna stjórnsýslu með það að markmiði að auka traust og efla heilindi. Traust og trúverðugleiki á stjórnsýslu byggir á því að stjórnámamenn og embættismenn misnoti ekki aðstöðu sína.

Reykjavíkurborg hefur sífellt verið að efla upplýsingagjöf sína, nú nýverið með opnum fjármálum á heimasíðu, þar sem almenningi og fjölmiðlum gefst kostur á að skoða og greina gjöld borgarinnar niður á svið, gjaldaliði og birgja. Opinber hagsmunaskráning æðstu embættismanna er eðlilegur liður í þróun og viðleitni til að fara að tilmælum alþjóðlegra stofnana um leiðir til að viðhalda og efla traust almennings á stjórnsýslu, stofnunum og stjórnámálum.

Hallur Símonarson,
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

² Øyvind Kvalnes: Siðfræði og samfélagsábyrgð bls. 26-27

³ Skýrsla starfshóps forsætisráðherra, september 2018: Efling trausts á stjórnámálum og stjórnsýslu